



## Upplýsingaöryggisstefna

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis er mikilvægur hluti af starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Það er markmið sjóðsins að upplýsingaeignir LSR, þar með talin gögn og aðrar upplýsingar, séu eins vel varin og kostur er og í fyllsta samræmi við fyrirmæli stjórnvalda, lög og reglugerðir. LSR mun verja upplýsingar fyrir öllum ógnum, hvort sem þær eru innri eða ytri, og hvort sem þær eru tilkomnar af ásetningi, vegna óhappa eða af slysni. Fylgni við stefnuna er mikilvæg til að LSR nái markmiði um að stjórna öryggi upplýsinga með ábyrgum hætti. Upplýsingaöryggisstefnan byggir á ISO/IEC 27001:2013 staðlinum um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Lýsing á framkvæmd stefnunnar er í Reglubók upplýsingaöryggis.

### Stefnumið LSR í upplýsingaöryggi

- Upplýsingar eru réttar og aðgengilegar þeim sem aðgangsrétt hafa þegar þörf er á.
- Upplýsingar eru óaðgengilegar óviðkomandi og eru varðar gegn skemmdum, eyðingu eða uppljóstrun til óviðkomandi hvort sem er af ásetningi eða gáleysi.
- Leynd upplýsinga og trúnaði er viðhaldið.
- Áætlanir eru gerðar um samfelldan rekstur, þeim er viðhaldið og þær prófaðar eins og kostur er.
- Öryggisatvik, brot eða grunur um veikleika í öryggi upplýsinga eru tilkynnt og rannsókuð og gerðar viðeigandi úrbætur.
- Áhætta vegna vinnslu og varðveislu upplýsinga eru innan skilgreindra áhættumarka.
- Unnið er að stöðugum umbótum á stjórnkerfi upplýsingaöryggis

**Markmið:** Markmið stefnunnar er að vernda upplýsingar LSR á skilvirkan hátt ásamt því að tryggja samfelldan rekstur og lágmarka rekstrarhættu. Áhersla er á að varðveita leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga LSR þannig að þær nýtist sem best í starfsemi sjóðsins og að öryggi upplýsinga sé óaðskiljanlegur hluti starfseminnar.

**Umfang:** Stefna þessi tekur til allrar starfsemi LSR. Stefnan nær til umgengni og vistunar upplýsinga sjóðsins á hvaða formi sem er og á hvaða miðli sem er. Stefnan nær til samskipta starfsfólks, samstarfsaðila, viðskiptavina og birgja. Hún nær einnig til hvers konar skráningar, vinnslu, samskipta, dreifingar, geymslu og eyðingar upplýsinga í eigu LSR. Stefnan tekur jafnframt til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlalaðar eða varðveittar.

**Ábyrgð:** Ábyrgð setningu, innleiðingu, framkvæmd og viðhaldi stefnunnar skiptist þannig:

- *Stjórn* ber ábyrgð á því að setja stefnu um upplýsingaöryggi og hefur eftirlit með því að stefnan hafi verið innleidd með fullnægjandi hætti.
- *Framkvæmdastjóri* ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og endurskoðun hennar reglubundið.
- *Stjórnendur* bera ábyrgð á því að kröfur sjóðsins um öryggi upplýsinga séu tilgreindar í samningum við samstarfsaðila, viðskiptavini og birgja.
- *Starfsfólk* vinnur í samræmi við stefnuna og fylgja þeim markmiðum og verklagsreglum sem eiga að tryggja framkvæmd hennar. Starfsfólk ber jafnframt að tilkynna um öryggisatvik og veikleika sem varða öryggi upplýsinga.
- *Öryggisstjóri* ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og beitir til þess viðeigandi stöðlum og bestu aðferðum.
- *Öryggisráð* rýnir viðbrögð vegna öryggisatvika og ber ábyrgð á að innleiða breytingar á öryggisstefnu, ferlum, skipulagi eða viðbrögðum ef tilefni er til.



**Endurskoðun:** Stefnan er endurskoðuð í heild annað hvert ár og oftar ef þörf krefur til þess að tryggja að hún samrýmist markmiðum sjóðsins.

Samþykkt af stjórn LSR 31. ágúst 2022